



Pingskálavegur (268-01/02) Í Rangárþingi Ytra Heiði-Bolholt

Svör við umsögnum vegna könnunar á matsskyldu

Vegagerðin

Hönnunardeild og Suðursvæði Vegagerðarinnar – desember 2023

Forsíðumynd er loftmynd frá Loftmyndum ehf, tekin árið 2021



Mynd 1

Staðsetning fyrirhugaðs framkvæmdasvæðis Þingskálavegar (268).

Athugasemdir umsagnaraðila og svör Vegagerðarinnar við þeim

Vegagerðinni hafa borist 3 umsagnir vegna könnunar á matsskyldu fyrirhugaðra framkvæmda á Þingskálavegi (268) milli Heiðar og Bolholts. Þær eru frá:

- 1. Rangárþingi Ytra, dags. 09.11.2023**
- 2. Heilbrigðiseftirliti Suðurlands, dags. 07.12.2023**
- 3. Náttúrufræðistofnun Íslands, dags. 08.12.2023**

Umsagnir Rangárþings Ytra og Náttúrufræðistofnunar Íslands krefjast ekki viðbragða af hálfu framkvæmdaaðila og því er ekki fjallað nánar um þær hér.

Umsögn Heilbrigðiseftirlits Suðurlands krefst aftur á móti viðbragða framkvæmdaaðila og er því fjallað um þau efnisatriði í umsögn heilbrigðiseftirlitsins, sem þarfnast viðbragða að hálfu framkvæmdaaðila, og svör framkvæmdaaðila við þeim.

1 Umsagnir og svör framkvæmdaáðila við þeim

1.1 Heilbrigðiseftirlit Suðurlands

Í umsögn Heilbrigðiseftirlitsins kemur eftirfarandi fram:


- Heilbrigðiseftirlit Suðurlands telur að framkvæmdin sé einnig tilkynningarskyld til Skipulagsstofnunar til ákvörðunar um matsskyldu skv. tölulið 2.02 í 1. viðauka nefndra laga vegna vegna fyrirhugaðrar efnistöku úr Þingskálanámu (E55) sem mun skv. tilkynningunni fara yfir 50.000 m³.
- Vinnsla jarðefna (efnistaka) er einnig starfsleyfisskyld starfsemi hjá heilbrigðisnefnd, sbr. tölu. 112 í viðauka IV. með lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir m.s.br.
- Fyrirhuguð efnistaka er að mati Heilbrigðiseftirlits Suðurlands ekki í samræmi við ákvæði Aðalskipulags Rangárþings Ytra 2016-2028 og bendir jafnframt á að skv. 1. mgr. 6. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir m.s.br. skuli allur atvinnurekstur sem sótt er um starfsleyfi fyrir vera í samræmi við skipulag.
- Heilbrigðiseftirlit Suðurlands er útgefandi starfsleyfis vegna efnistöku og fer með eftirlit á efnistökusvæðum. Það er því réttara að efnistaka og frágangur námunnar fari fram í samráði við heilbrigðisfulltrúa Heilbrigðiseftirlits Suðurlands en ekki fulltrúa Umhverfisstofnunar.

Svar Vegagerðarinnar

Vegagerðin þakkar ábendingu Heilbrigðiseftirlitsins varðandi ákvæði um tilkynningarskyldu efnistöku úr Þingskálanámu.

Í kjölfarið hafa lítilsháttar breytingar verið gerðar á efnistöku framkvæmdarinnar, sem felast í að um 10.000 m³ af efni í fláafleyga verður fengið úr annarri námu í landi Þingskála, þ.e. Stórholtsnámu (**E40**), sjá mynd 1. Með því móti verður ekki farið yfir stærðarmörk Þingskálanámu (E55) þar sem í stað um 53.000 m³ efnistöku sem var áður fyrirhuguð, verða teknir um 42.000 m³ efnis.

Ef þörf verður á efnistöku úr Þingskálanámu til vegaframkvæmda í framtíðinni verður matskylda efnistökkunnar könnuð samkvæmt lögum nr. 111/2021 um umhverfismat framkvæmda og áætlaða, 1. viðauka, tölulið 2.02.



↑ **Mynd 1.**

Skjástot úr kynningarskýrslu Vegagerðarinnar um endurbyggingu Pingskálavegar (268). Námur á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði er táknaðar með appelsínugulum hringjum.

Í greinagerð með Aðalskipulagi Rangárpings Ytra 2016-2028 eru eftirfarandi upplýsingar um Stórholtsnámuna.

→ **E40 Stórholtsnáma** – setnáma með möl, efnismagn allt að 50.000 m³. Stærð um 2 ha.

Náman er opin og hafa þegar verið teknir um 4.000 m³ efnis úr henni.

Hvað varðar lög og leyfisveitingar þá er Vegagerðinni kunnugt um að Heilbrigðiseftirlit Suðurlands fari með útgáfu starfsleyfis og hafi eftirlitsskyldu vegna efnistöku. Það er í höndum viðkomandi verktaka að sækja um tilskilin starfsleyfi til Heilbrigðiseftirlits Suðurlands vegna vegaf framkvæmda og efnistöku, áður en framkvæmdir hefjast. Það sama gildir um starfsleyfi fyrir tímabundna aðstöðu s.s. starfsmannabúðir, mötuneyti og verktakaaðstöðu. Eru ofangreind skilyrði ítrekuð í útboðsgögnum og að framkvæmdir geti ekki hafist fyrr en tilskilin leyfi liggi fyrir.

Hvað varðar efnistöku og frágang mun Vegagerðin áfram hafa samráð við Umhverfisstofnun, þar sem verkþættir eins og landmótun vega og náma heyra undir fagsvið þeirrar stofnunar.